

**Ed.**

**626. Nefndarálit**

[129. mál]

um frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd efri deildar hefur fjallað um frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Hefur nefndin lagt áherslu á að skoða sem vandlegast þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á gildandi lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, og breytingar á byggingu og rekstri þeirrar verksmiðju sem ráðgerð er. Einnig hefur nefndin lagt áherslu á að kanna ítarlega meginefnisþætti málsins, einkum arðsemi, markaðsmál, orkukaup og hollustuhætti og umhverfismál.

Í þessu skyni hefur nefndin kannað gögn þau, sem iðnaðarnefnd neðri deildar hafði aflað, og kvatt á sinn fund eftirgreinda sérfræðinga: Jón Steingrímsson frá Íslenska járnblendifélaginu hf., Garðar Ingvarsson frá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, Jón Sigurðsson og Gamalíel Sveinsson frá Þjóðhagsstofnun, Þorvarð Eliasson frá Verslunarráði Íslands, Jóhann Má Mariússon, Gísli Júlíusson og Elías Eliasson frá Landsvirkjun, Ásmund Ásmundsson og Elías Davíðsson frá Starfshópi um auðhringa, Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra heilbrigðisráðuneytis, Ólaf Ólafsson landlækni, Hrafn Friðriksson og Eyjólf Sæmundsson frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Eystein Jónsson, Árna Reynisson og Vilhjálmi Lúðvíksson frá Náttúruverndarráði. Auk ítarlegra umræðna á fundum nefndarinnar lögðu ýmsir ofangreindra aðila fram skriflegar greinargerðir um viðkomandi málefni.

Eftir þá ítarlegu athugun málsins, sem að ofan er lýst, mælir meiri hluti nefndarinnar með samþykkt frv. án breytinga.

Alþingi, 30. apríl 1977.

Steingrímur Hermannsson,  
form., frsm.

Ingi Tryggvason,  
fundaskr.

Albert Guðmundsson.

Eggert G. Þorsteinsson,  
með fyrirvara.

Jón G. Sólnes,  
með fyrirvara.

Þorv. Garðar Kristjánsson.